



## Minnisblað

<b>Til:</b>	Stjórnar SSH
<b>Frá:</b>	Starfshópi um samræmingu úrgangsflokkunar / Jón Kjartan Agústssyni svæðisskipulagsstjóra
<b>Efni:</b>	<b>Borgað þegar hent er – hringrásarhagkerfið – úrgangsmál</b>
<b>Dags:</b>	1. september 2022

Á 540. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi skráð í fundargerð vegna ofangreinds:

---

*Þann 1. janúar 2023 taka gildi lagabreytingar um meðhöndlun úrgangs. Lagabreytingar kveða m.a. á um að innheimta vegna sorphirðu skuli vera sem næst raunkostnaði við meðhöndlun úrgangs. Fyrirliggjandi er minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar dags. 31. maí 2022 þar sem fram kemur tillaga um að starfshópurinn vinni tillögur að samræmdu kerfi sveitarfélaganna vegna þessa.*

*Niðurstaða:*

*Starfshópi um samræmingu úrgangsflokkunar er falið að vinna tillögur að samræmdri útfærslu á „borgað þegar hent er“ kerfi, í samstarfi við fjármálastjóra sveitarfélaganna. Verkefnið verði jafnframt kynnt Stefnumráði byggðasamlaganna og stjórn Sorpu bs. Stjórn verði upplýst um framvinduna og málið lagt fyrir stjórnarfund að nýju.*

---

Starfshópurinn fjallaði um erindi stjórnar SSH á fundi 31. ágúst 2022.

### Helstu niðurstöður eru sem hér segir og eru sendar stjórn SSH til upplýsingar um stöðu mála:

- Það er samdóma álit starfshópsins að stefna ætti að sama innheimtu- og álagningarkerfikerfi sem blasi við öllum notendum á höfuðborgarsvæðinu. Samræmt innheimtukerfi og samræmd útfærsla á „borgað þegar hent er“ felur í sér ótvírætt hagræði fyrir höfuðborgarsvæðið, ekki síður en samræming úrgangsflokkunar. Samræmt innheimtukerfi fyrir sorphirðu myndi einfalda upplýsingagjöf og draga úr líkum að íbúar misskilji greiðslufyrirkomulag eða finni fyrir mismunandi lausnum milli sveitarfélaga, sem gæti dregið úr trausti vegna meðferð úrgangsmála og dregið úr vilja til að flokka.
- Hópurinn hyggst kanna útfærsla á svokallaðri rúmmálsleið, sbr. tillögur í skýrslu EFLU (2022) sem unnin var fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga, sjá nánari umfjöllun aftast í minnisblaði.
- Hópurinn telur að innleiðing á borgað þegar hent er (BPHE) verði farsælust ef miðað er við að hún eigi sér stað samhliða innleiðingu á nýju úrgangsflokkunarkerfi á höfuðborgarsvæðinu.
- Hópurinn ætlar að kanna möguleika á sameiginlegu álagningarkerfi í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, byggt á fasteigna- og sorphirðugjöldum.
- Hópurinn mun rýna hvort rétt sé að taka við endurvinnsluefnum gjaldfrjálst og jafna kostnað vegna þeirra á blönduðum úrgangi sbr. heimild í lögum nr. 103/2021 sem taka gildi 1. janúar 2023

**Þessu er hér með komið á framfæri. Starfshópurinn mun upplýsa stjórn um framvindu mála og móta ítarlegri tillögur með þeim aðilum sem hópurinn telur nauðsynlegt að kalla að borðinu, þ.á.m. fjármálastjórar sveitarfélaganna.**

Virðingarfyllst, fyrir hönd starfshóps

Jón Kjartan Agústsson

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



## Viðauki – Borgað þegar hent er

Eftirfarandi kemur fram í skýrslu EFLU<sup>1</sup> um svokallaða rúmmálsleið:

- Sveitarfélög eru hvött til að vinna saman við innleiðingu BÞHE
- Ef horft er til þess stutta tíma sem er til stefnu er raunhæft að nýta núverandi álagningarkerfi Þjóðskrár (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar) með minniháttar breytingum og innleiða BÞHE eftir rúmmáli
- Væri farið í innleiðingu BÞHE kerfa eftir þyngd þyrfti að gera miklar breytingar á kerfinu
- Hugsá má um innleiðingu ílátakerfis/rúmmálsleið sem grunnskref sem hægt er að byggja á
- Til lengri tíma mætti skoða kosti þess að þróa sér innheimtakerfi fyrir úrgang en mikilvægt er að notendur sitji ekki uppi með innheimtu í gegnum mörg mismunandi kerfi því slíkt gæti rýrt kosti BÞHE.
- Mikilvægt væri að slík kerfi virki með brú inn að álagningarkerfi Þjóðskrár svo að aðeins ein innheimta eigi sér stað þó fleiri kerfi liggi að baki.

Nánar um rúmmálskerfi:

Í grunninn er hægt að skipta innheimtu eftir rúmmáli í þrjá undirflokkka, það er:

- Rúmmál íláta. Greitt eftir stærð og fjölda íláta sem íbúi hefur færi á að ákveða eftir sínum þörfum. Dæmi um ílátakerfi sem notað er í Reykjavík.
- Safnað rúmmál. Greitt er fyrir rúmmál sem hent er, til dæmis með því að greiða fyrir fram fyrir alla meðhöndlun við pokakaup. Dæmi um innheimtu eftir söfnuðu rúmmáli í aðgangsstýrða djúpgáma.
- Hirðutíðni. Greitt er fyrir hverja hirðu. Val á hirðutíðni er oft hluti af blönduðu BÞHE kerfi, eins og er lýst með vigtunarkerfi í Gautaborg. Breytileg hirðutíðni getur verið mikilvægur þáttur í framþróun djúpgáma, þar sem hirðutíðni getur til dæmis verið ákveðin af íbúum eða höfð samkvæmt nemum sem skynja hversu fullur gámurinn er.



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

### 4.3.1 BÞHE kerfi fyrir hirðu við heimili

Kerfin geta verið bæði byggð á rúmmáli og þyngd eins og áður hefur komið fram. Sum þeirra geta nýtt sér álagningarkerfi Þjóðskrár í aðeins breyttri mynd en önnur krefjast ýmist töluvert aukna fjárfestingu á nýjum innviðum, s.s. pokum eða nemum í ílát og/eða nýjum tæknilausnum til að skrá og halda utan um innskráningu úrgangsmagns. Kerfi byggð á rúmmáli taka annað hvort mið að ílátafjölda, ílátastærð eða hirðutíðni. Þau kerfi tengd hirðutíðni, sem eru talin upp og útskýrð hér að neðan, er hægt að nota samhliða öðrum BÞHE kerfum

#### 4.3.1.1 Val um ílátafjölda og stærð íláts undir úrgang

LÝSING	Íbúar velja hvaða fjölda og/eða stærð á íláti sem henta þeim og greiða fyrir það gjald sem tekur mið af fjölda og/eða stærð ílátsins og úrgangstegund. Inni í gjaldinu er föst hirðutíðni.
Kostir	Hægt að nýta áfram núverandi álagningarkerfi Þjóðskrár í aðeins breyttri mynd. Hægt að nýta ílát sem eru í notkun í dag t.d. grátt 240 l, og svo hafa möguleika á að fara niður um stærð í grátt t.d. 120 l. Hvati fyrir íbúa til að skoða hvaða fjöldi og/eða ílátastærð hentar þeim og draga úr myndun úrgangs. Ekki mjög dýrt í framkvæmd. Ekki stór fjárfesting í nýjum hirðubílum eða nýjum ílátum fyrir alla. Stór kostur við innleiðingu á þessu kerfi er að það er hægt að nýta það sem grunn til að byggja önnur kerfi ofan á ef vilji er til staðar að ganga lengra.
Gallar	Íbúar þurfa að finna hversu mörg ílát og/eða stór henta þeim svo hægt sé að innheimta. Það þarf að taka á móti þöntunum um breytingar á ílátafjölda og ílátastærð og samræma upplýsingar til viðeigandi aðila, m.a. aðila sem sér um að breyta ílátunum og þeim sem hirðir ílátin. Upphafskostnaður við ílátaskráningu, kaup á minni/stærri ílátum og útkeyrslu á ílátum. Hvati til að bæta sig enn frekar í flokkun endurvinnsluefna er mestur þegar að íbúi hefur valið minnsta ílátafjölda eða ílátastærð fyrir blandaðan úrgang. Þyrfti að vera nógu mikill verðmunur á milli íláta til að íbúar taki eftir honum og hann sé hvati til bættrar flokkunar eða minnkun úrgangsfraðleiðslu.
Innheimta	Innheimt með álagningarkerfi Þjóðskrár eftir ílátafjölda, ílátastærð og gerð úrgangs. Þetta fyrirkomulag hentar síður hirðu í gámum á yfirborði og djúpgámum en hægt að stýra losunartíðni í þeim tilfellum samhliða kerfi byggðu á ílátafjölda og stærð. Í fjölbýli er sjaldnast hægt að koma fyrir sér ílátum fyrir hverja íbúð og því er heildarkostnaði hirðu deilt á notendur eftir t.d. fermetrafjölda eignarhlutar.
Reynsla	Reykjavíkurborg býður uppá þetta kerfi fyrir íbúa sína og hefur útfært innheimtuna í álagningarkerfinu í samvinnu við Þjóðskrá. Ljúblána- Slóvenía

*Mynd 1. Skjáskot úr skýrslu EFLU (2022)*

<sup>i</sup> Greining á útfærslum. Borgað þegar hent er (2022) bls. 27.